

- 71 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð vandamanna, útgefin 29. apríl á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð vandamanna.

#### 1. gr.

Sjóður þessi heitir Minningarsjóður vandamanna og er stofnaður í tilefni af 60 ára afmæli Bændafélagsins Vonin árið 1954. Stofnfé sjóðsins er þrjár minningargjafir, sem stofnandi félagsins, Hólmeir Jensson á Þórustöðum, hefur gefið til minningar um foreldra sína, systkini sín og konu sína, samtals 9000 krónur.

#### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bera kostnað af skólagarði við heimavistarbarnaskólann í Holti í Öndarfirði. Í því sambandi má kosta fólk til náms í garðyrkjustörfum og verja sjóðnum að einum þriðja til þess.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk vaxta minningargjafir og önnur framlög, er honum kunna að áskotnast.

#### 4. gr.

Allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af tekjum sjóðsins má verja til framkvæmda við skólagarðinn jafnóðum, en hinn hluti teknanna geymist í fastasjóði, sem þó er heimilt að lána til framkvæmdanna gegn fullri tryggingu.

#### 5. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, kosnir til fjögurra ára í senn á því ári, sem hreppsnefndarkosningar fara fram. Bændafélagið Vonin kýs tvo þeirra, en nýkosin skólanefnd einn.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins leitar samninga við skólanefnd um tilhögun skólagarðsins og framkvæmdir við hann.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal færa í gerðabækur allar fundargerðir sínar, skrá um allar gjafir, er sjóðnum berast, og annað, er varðar hag hans og rekstur, þar á meðal ársreikninga sjóðsins og yfirlit um framkvæmdir við skólagarðinn. Reikningana skal endurskoða með sveitarsjóðsreikningum Mosvallahrepps.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Holti, 6. desember 1956.

Jón Jónsson.

Halldór Kristjánsson.

Guðm. Ingi Kristjánsson.